

Tilmæli 13/2019

Fyrri skjalsnúmer	A 1809/kultur
Afgreiðsla	Norræna þekkingar- og menningarnefndin
Fylgiskjal/-skjöl	Nefndartillaga um betri skilyrði fyrir hreyfanleika nemenda við lýðháskóla og samstarf lýðháskóla á Norðurlöndum

Betri skilyrði fyrir hreyfanleika nemenda við lýðháskóla og samstarf lýðháskóla á Norðurlöndum

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð hinn 30. október 2019 eftirfarandi tilmæli að tillögu Norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að gera lýðháskólanemum fært að sækja um styrk hjá Nordplus Voksen vegna aukaútgjalda sem fylgja því að stunda fullt nám við lýðháskóla í öðru norrænu landi

að koma á fót styrkjakerfi innan Nordplus til upplýsingastarfsemi lýðháskóla-samtakanna um möguleika á að stunda nám við lýðháskóla í öðru norrænu landi

að koma á fót styrkjakerfi innan Nordplus sem geri lýðháskólum kleift að efla norræna ímynd sína

Kaupmannahöfn, 5. nóvember 2019

Hans Wallmark

forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs